



Reykjavík, 7. júlí 2026
USK26040220(HS)

Gylfaflöt 6-8 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna reksturs rakarastofu og undanþágu frá algildri hönnun

Lögð fram fyrirspurn Vikingblendz ehf., dags. 17. apríl 2026, um rekstur rakarastofu á 2. hæð hússins á lóð nr. 6-8 við Gylfaflöt, án aðgengis fyrir einstaklinga sem nota hjólastól.



Loftmynd og kort af Gylfaflöt 6-8 og nágrenni




Byggingin á Gylfaflöt 6-8


Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Gylfaflöt 6-8 borgarhluta 8 Grafarvogi og er hluti af atvinnuvæðri **AT3 – Gylfaflöt**. Um það stendur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:

Fyrst og fremst léttur iðnaður, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur tengdar umræddri starfsemi, þjónusta og rýmifrek verslun, svo sem bílasölur. Sjá nánar kafla 7 í greinargerð aðalskipulags.



Gylfaflöt 6-8 á skipulagsupprætti AR2040.



Gylfaflöt 6-8 á gildandi deiliskipulagsupprættur frá september 2017.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Gylfaflöt, samþykkt í borgarráði 29. maí 2008 ásamt síðari breytingum. Síðasta breyting var gerð í september 2017.



Umsögn

Húsið á Gylfaflöt 6-8 var byggt árið 2018.

Óskað er eftir upplýsingum og afstöðu skipulagsfulltrúa um rekstur rakarastofu á annarri hæð hússins að Gylfaflöt 6-8 og mögulegri undanþágu á reglum um algilda hönnun um aðgengi fyrir hjólastóla.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið sem Gylfaflöt 6-8 er á, er gert ráð fyrir léttum iðnaði. Því er ekki gerð skipulagsleg athugasemd við að hafa rakarastofu á Gylfaflöt 6-8.

Í skipulagi er ekki fjallað um algilda hönnun að öðru leiti en að byggingarleyfisumsóknir skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð. Til að breyta núverandi húsnæði í rakarastofu, þarf að sækja um byggingarleyfi þar sem umsóknin þarf að uppfylla kröfur núgildandi byggingarreglugerðar, þ.m.t. kröfur um algilda hönnun. Byggingarfulltrúi sér um afgreiðslu byggingarmála og útgáfu byggingarleyfa. Það er ekki á valdi skipulagsfulltrúa að veita undanþágu frá byggingarreglugerð.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við rekstri rakarastofu á Gylfaflöt 6-8.
- Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir breytingu á notkun húsnæðis.
- Skipulagsfulltrúi getur ekki veitt undanþágu frá ákvæðum byggingarreglugerðar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrafnhildur Sverrisdóttir
arkitekt og verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.